



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

VERKLÝSINGAR ÞJÓNUSTUAÐILA FYRIR MEÐHÖNDLUN RAF- OG RAFEINDATÆKJAÚRGANGS

Október 2014

Efnisyfirlit:

1.1	Inngangur	1
1.2	Verklýsingar þjónustuaðila	2
1.3	Kælitæki	4
1.4	Skjáir	4
1.5	Perur	4
1.6	Stór rafmagnstæki	4
1.7	Lítill rafmagnstæki	5
1.8	Lítill samskiptabúnaður	5
Viðaukar	6

Inngangur

Með breytingum á lögum nr 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem samþykktar voru þann 16. maí 2014 var Úrvinnslusjóði falið, frá og með 1. janúar 2015, að ná tölulegum markmiðum um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Í reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang 1104/2008 eru ákvæði um lágmarksmeðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Umhverfisstofnun hefur sett saman lýsingu á lágmarkskröfum til þeirra sem safna, geyma og meðhöndla raf- og rafeindatækjaúrgang ásamt viðmiðum fyrir lágmarksmeðhöndlun, sjá viðauka i og ii. Miðað verður við 6 flokka raf- og rafeindatækja sem birtast í endurskoðaðri tilskipun ESB, 2012/19EU, sjá viðauka iv.

Magntölur safnaðs raf- og rafeindatækjaúrgangs fyrir árin 2010 til 2013 eru í viðauka v.

Til að tryggja að meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs sé í samræmi við ofangreindar kröfur hefur Úrvinnslusjóður, í samvinnu við Umhverfisstofnun, ákveðið að kalla eftir verklýsingum frá verktökum (þjónustuaðilum) sem hyggjast gera samning við sjóðinn um úrvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs. Verklýsingarnar verða mikilvægt gagn við eftirlit Úrvinnslusjóðs og Umhverfisstofnunar með framkvæmdinni. Verklýsingarnar verða hluti af samningi við Úrvinnslusjóð í samræmi við skilmála sem gefnir verða út síðar. Litið verður til umhverfis- og tæknisjónarmiða.

Fyrir hvern flokk raf- og rafeindatækjaúrgangs skal lýsa helstu verkþáttum og tiltaka vigtarstaði sem nauðsynlegir eru til að staðfesta móttekið og ráðstafað magn. Í lýsingu þarf að koma fram hvernig meðhöndlunarmarkmiðum er náð, sjá viðauka iii. Gert verður ráð fyrir því að þjónustuaðilar geti framselt efni sín á milli á ýmsum stigum meðhöndlunarinnar. Til dæmis ómeðhöndluð tæki aðila sem ekki hefur búnað eða aðstöðu til meðhöndlunarinnar eða straumur afurða sem seldur er öðrum eftir meðhöndlun s.s. málmkassar frá tölum sem búið er að taka í sundur. Lýsingin skal vera sett fram í flæðiriti og með skriflegri lýsingu fyrir hvern verkþátt, parað saman með númerum. Ath. hér er beðið um aðalatriði, gróft flæðirit, en ekki smáatriði.

Eftirfarandi þarf að koma fram fyrir hvern vöruflokk

- Móttaka úrgangs
- Meðhöndlun
- Vigtarstaðir
- Hvar úrgangurinn skiptist og ýmist fellur frá eða blandast öðrum straumum, áætluð hlutföll
- Hvaða ráðstöfunarkvittanir verða til. Magntölur endanlegrar ráðstöfunar
- Hvernig meðhöndlunarmarkmiðum er náð
- Trúverðugleiki verkloka
- Ráðstöfunaraðilar

Lýsingar verða yfirfarnar af Úrvinnslusjóði í samstarfi við Umhverfisstofnun til að meta hvort meðhöndlun stenst lágmarkskröfur, hvort meðhöndlunarmarkmið séu uppfyllt og hvort staðfesting magntalna sé ásættanleg. Haft verður samráð við þátttakendur þegar farið er yfir gögn viðkomandi.

Fyllsta trúnaðar verður gætt með upplýsingar þátttakenda

Verklýsingar þjónustuaðila

Lýsa skal meðhöndlunarferli þjónustuaðila. Fyrir sérhvern flokk raf- og rafeindatækjaúrgangs eru settar fram lágmarkskröfur um meðhöndlun og skal koma fram hvar og hvernig þær eru uppfylltar. Óskað er eftir því að ferlinu sé lýst í 5 liðum en innan hvers liðar geta verið mismargar lýsingar eftir því sem við á. Í öllum liðum skal taka fram og gera grein fyrir þeim vigtarstöðum (mælipunktum) sem nauðsynlegir eru og lýsa því með hvaða hætti vigtartalan verði sannreynd.

- a) Móttaka, flokkun og skráning
- b) Meðhöndlun
- c) Flutningur
- d) Ráðstöfun
- e) Flæðirit

Nánari upplýsingar um verklýsingar.

- a) Móttaka, flokkun og skráning
Lýsa skal verklagi við móttöku, flokkun og skráningu raf- og rafeindatækjaúrgangs. Hvernig er staðið að flokkun. Ef starfsstöðvar eru fleiri en ein skal tiltaka þær og hugsanlegan mismun á verklagi eftir stöðvum. Með hvaða hætti er fyrirhugað að safna og á hvaða svæðum.
- b) Meðhöndlun
Lýsa skal verklagi við alla meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Hvað fer óunnið frá starfsstöðvum þjónustuaðila og hvert fer það. Mismunandi meðhöndlun eftir tegundum innan hvers flokks raf- og rafeindatækjaúrgangs. Hvernig er staðið að sundurtekt. Hvar og hvernig eru spilliefni fjarlægð. Hvað verður um spilliefni og óendurnýtanleg efni sem falla út úr vinnslunni.
- c) Flutningur
Flutningur raf- og rafeindatækjaúrgangs skal vera í samræmi við kröfur um flutning úrgangs innan, til og frá ESB, sjá viðauka iii.
- d) Ráðstöfun
Lýsa skal allri ráðstöfun hvort sem um er að ræða beint framsal til annars þjónustuaðila á ómeðhöndluðum úrgangi eða einstökum efnisstraumum eða til endanlegra ráðstöfunaraðila. Sýna þarf fram á hvernig meðhöndlunarkröfum er náð. Gera skal grein fyrir ráðstöfunaraðilum sem ráðstafað verður til, hvaða tegund úrgangs viðkomandi ráðstöfunaraðili tekur á móti og hvernig sá aðili uppfyllir meðhöndlunarmarkmið sbr. reglugerð 1104/2008, sjá viðauka iii.
- e) Flæðirit
Flæðiritið skal sýna á einfaldan hátt meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs og hvar vigtarstaðir eru. Allir „kassar“ í flæðiriti skulu númeraðir og skal númerið vera til fyrir samsvarandi lýsingu.

Lágmarkskröfur um meðhöndlun raf- og rafeindatækja eftir flokkum.

Kælitæki

Að lágmarki skal fjarlægja klórflúrkolefni (CFC), vetnisklórflúrkolefni (HCFC) eða vetnisflúrkolefni (HFC) og vetniskolefni (HC) úr kælitækjum sem safnað er sérstaklega

Draga verður lofttegundirnar út með viðurkenndum búnaði og meðhöndla þær á réttan hátt. Ósoneyðandi lofttegundir verður að meðhöndla í samræmi við reglugerð um ósoneyðandi efni.

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja og meðhöndla kælimiðla.

Skjáiir

Fjarlægja skal skjái úr raftækjum séu þeir stærri en 100 fersentimetrar og flytja til meðhöndlunar hjá aðilum sem hafa búnað til að meðhöndla slíka skjái. Ávallt skal fjarlægja bakskautslampa (túbuskjái).

Gasúrhleðslulampar (flúrlampar) eru fjarlægðir sérstaklega og meðhöndlaðir í samræmi við kröfur um meðhöndlun slíkra lampa.

Lágmarksmeðhöndlun á bakskautslömpum: fjarlægja skal sérstaklega flúrhúðun.

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja og meðhöndla skjái og bakskautslampa.

Perur

Fjarlægja kvikasilfur og flúrhúðun við stýrðar aðstæður. Tryggja skal að tætingarbúnaður sé þéttur þannig að ekki sé losun á ryki eða kvikasilfri frá tækinu. Síur skulu vera þéttar og skipta skal reglulega um þær.

Tætingarbúnaður skal skilja á milli glers, málms og ryks/kvikasilfurs, sjá nánar leiðbeiningar WEEELABEX og Environment Agency (Írland); Storage and Treatment of fluorescent lamps.

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja og meðhöndla lampa/perur.

Stór rafmagnstæki

Fylgja skal eftirfarandi lágmarkskröfum í viðauka II í reglugerð 1104/2008:

- a) Fjarlægja skal sérstaklega þetta (capacitors) sem innihalda fjölkloruð býfenýl (PCB) samanber reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra
- b) Fjarlægja skal sérstaklega úr raftækjum, íhluti sem innihalda kvikasilfur, s.s. rofa eða lampa til baklýsingar
- c) Fjarlægja skal rafhlöður úr raftækjum áður en til endurvinnslu/endurnýtingar kemur
- d) Fjarlægja skal prentplötur, yfirleitt úr farsímum en einnig úr öðrum tækjum ef yfirborð prentplötunnar er stærra en 10 fersentimetrar
- e) Fjarlægja skal blekhylki, fljótandi eða krem, einnig litahylki
- f) Fjarlægja skal plast sem inniheldur brómað logavarnarefni
- g) Fjarlægja skal asbestúrgang og íhlut sem innihalda asbest
- h) Fjarlægja skal bakskautslampa úr raftækjum og fjarlægja skal sérstaklega flúrhúðun við meðhöndlun.
- l) Fjarlægja skal utanálíggjandi rafleiðslur
- m) fjarlægja skal íhluti sem innihalda eldfastar keramiktréttar sbr. reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturfna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.
- n) Íhlutir sem innihalda geislavirk efni, að frátöldum íhlutum sem eru undir undantekningarmörkunum sem eru sett í 3. gr. og I. viðauka tilskipunar ráðsins 96/29/EBE frá 13. maí 1996 um

grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar

- o) Fjarlægja skal rafkleyfa þetta sem innihalda skaðleg efni (hæð > 25 mm, þvermál > 25 mm eða hlutfallslega svipað magn). Farga skal þessum efnnum, efnablöndum og íhlutum eða endurnýta þau í samræmi lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja hættuleg efni úr raftækjum í samræmi við viðauka II í reglugerð 1104/2008.

Lítill rafmagnstæki

Fylgja skal eftirfarandi lágmarkskröfum í viðauka II í reglugerð 1104/2008:

- a) Fjarlægja skal sérstaklega þetta (capacitors) sem innihalda fjöklóruð býfenýl (PCB) samanber reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra
- b) Fjarlægja skal sérstaklega úr raftækjum, íhluti sem innihalda kvikasilfur, s.s. rofa eða lampa til baklýsingar
- c) Fjarlægja skal rafhlöður úr raftækjum áður en til endurvinnslu/endurnýtingar kemur
- d) Fjarlægja skal prentplötur, yfirleitt úr farsímum en einnig úr öðrum tækjum ef yfirborð prentplötunnar er stærra en 10 fersentimetrar
- e) Fjarlægja skal blekhylki, fljótandi eða krem, einnig litahylki
- f) Fjarlægja skal plast sem inniheldur brómað logavarnarefni
- g) Fjarlægja skal asbestúrgang og íhlut sem innihalda asbest
- h) Fjarlægja skal bakskautslampa úr raftækjum og fjarlægja skal sérstaklega flúrhúðun við meðhöndlun.
- l) Fjarlægja skal utánálggjandi rafleiðslur
- m) fjarlægja skal íhluti sem innihalda eldfastar keramiktrefjar sbr. reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.
- n) Íhlutir sem innihalda geislavirk efni, að frátöldum íhlutum sem eru undir undantekningarmörkunum sem eru sett í 3. gr. og I. viðauka tilskipunar ráðsins 96/29/EBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar
- o) Fjarlægja skal rafkleyfa þetta sem innihalda skaðleg efni (hæð > 25 mm, þvermál > 25 mm eða hlutfallslega svipað magn). Farga skal þessum efnnum, efnablöndum og íhlutum eða endurnýta þau í samræmi lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja hættuleg efni úr raftækjum í samræmi við viðauka II í reglugerð 1104/2008.

Lítill samskiptabúnaður

Fylgja skal eftirfarandi lágmarkskröfum í viðauka II í reglugerð 1104/2008:

- b) Fjarlægja skal sérstaklega úr raftækjum, íhluti sem innihalda kvikasilfur, s.s. rofa eða lampa til baklýsingar,
- c) Fjarlægja skal rafhlöður úr raftækjum áður en til endurvinnslu/endurnýtingar kemur.
- d) Fjarlægja skal prentplötur, yfirleitt úr farsímum en einnig úr öðrum tækjum ef yfirborð prentplötunnar er stærra en 10 fersentimetrar,
- e) Fjarlægja skal blekhylki, fljótandi eða krem, einnig litahylki

Starfsleyfi til meðhöndlunar spilliefna þarf til að fjarlægja hættuleg efni úr raftækjum í samræmi við viðauka II í reglugerð 1104/2008.

Viðaukar

- i. Meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs, lágmarkskröfur. Skjal frá Umhverfisstofnun
- ii. Tillögur um viðmið fyrir lágmarksmeðhöndlun skv. II. viðauka reglugerðar nr. 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang. Skjal frá Umhverfisstofnun
- iii. Reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang, nr 1104/2008 með síðari breytingum
 - a. Vísað er í 10. gr. vegna meðhöndlunarmarkmiða
 - b. Vísað er í 9. gr. vegna flutninga úr landi
- iv. Endurskoðuð tilskipun ESB um raf- og rafeindatækjaúrgang nr. 2012/19EU.
 - a. Vísað er í Annex III og IV vegna 6 flokka raf- og rafeindatækja
- v. Magntölur raf- og rafeindatækjaúrgangs sem safnað var árin 2010-2013. Upplýsingar frá Stýrinefnd raf- og rafeindatækja